

STJÓRNARTÍÐINDI B 158 – 2004

15. desember 2004

2533

Nr. 988

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um bann við línuveiðum á sunnanverðum Breiðafirði.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 866, 2. nóvember 2004, um bann við línuveiðum á sunnanverðum Breiðafirði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 16. desember 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. desember 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

15. desember 2004

Nr. 989

REGLUGERÐ

um beingreiðslur í garðyrkju árið 2005.

I. KAFLI

Heildarfjárhæð beingreiðslna, framkvæmd og skipting milli afurða.

1. gr.

Heildarfjárhæð og framkvæmd beingreiðslna.

Árið 2005 skal greiða beingreiðslur að fjárhæð 198,7 milljónir kr. úr ríkissjóði til framleiðenda á gúrkum, tómötum og papriku eftir nánari ákvæðum í þessari reglugerð. Fjárhæðin skiptist upp eftir áðurnefndum tegundum og greiðist til framleiðenda miðað við selt magn af þessum afurðum.

Bændasamtök Íslands hafa umsjón með og annast framkvæmd beingreiðslna á árinu 2005.

Gutenberg